

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

15. tbl., 7. árg., 20. október 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Umsóknir um styrki til menningarmála

Menningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki á grundvelli samnings menntamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytis við Eyþing. Tilgangur styrkjanna er að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðapjónustu á svæði Eyþings.

Menningarráð Eyþings hefur ákveðið að árið **2007** hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- * Áhersla á vetrartímann (vetrarmenningu og vetrarlist)
- * Samstarf yfir vetrartímann milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað
- * Nýsköpun á sviði lista og menningarstarfs
- * Skapandi starf fyrir börn og unglinga

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2007. Úthlutun fer fram í nóvember.

Nánari upplýsingar ásamt úthlutunarreglum má finna á heimasíðu Eyþings www.eything.is

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá Menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð.

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða í netfanginu menning@eything.is

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hvetur eindregið félög og einstaklinga í sveitarfélaginu, sem kunna að luma á hugmyndum um menningarviðburði, til að nota þetta tækifæri til fjármögnunar og hafa samband við Jónu. Hún er boðin og búin til að aðstoða við að gera umsóknirnar.

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 107 17. október 2007

Mætt voru: Aðalheiður Eiríksdóttir, Árni Arnsteinsson, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Samstarfssamningur um menningarmál á Norðurlandi eystra

Á fundinn kom Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, nýráðinn menningarfulltrúi Eypings. Hún gerði grein fyrir samstarfssamningi um menningarmál á Norðurlandi eystra og verkefnastyrkjum til menningarmála 2007.

Sveitarstjórn hvetur félagasamtök og einstaklinga í sveitarfélaginu til að sækja um verkefnastyrki á grundvelli samstarfssamningsins og bendir á að allar upplýsingar um hann eru á heimasíðu Eypings, www.eything.is.

2. Fundargerð aukafundar sveitarstjórnar, 3. okt. 2007

Á aukafundinum var fjallað um tilboð sem borist höfðu í jörðina Skúta. Þar kemur fram að ákveðið hafi verið að taka hæsta tilboðinu af fimm. Það var frá Þór Konráðssyni að upphæð kr. 31.600.000.

Fundargerðin rædd og var hún staðfest.

3. Fundargerð skólanefndar Þelamerkurskóla, 1. okt. 2007

Fundargerðin er í sex liðum. Þar kemur m.a. fram að 84 nemendur eru skráðir í skólann í vetur.

Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

4. Fundargerð framkvæmdanefndar Þelamerkurskóla, 4. okt. 2007

Fundargerðin er í átta liðum.

Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

5. Fundargerð Gásanefndar, 27. sept. 2007

Fundargerðin er í tveimur liðum. Skv. henni er gert ráð fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar um Gásakaupstað þann 22. nóv. 2007.

Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 8. okt. 2007

Fundargerðin er í fjórum liðum. Í henni kemur fram að lokaspretturinn við gerð aðalskipulags Hörgárbyggðar er hafinn. Lögð var fram framvinduáætlun verksins, sem gerir ráð fyrir íbúafundi um skipulagstillöguna í janúar nk. og að hún verði formlega auglýst í febrúar nk.

Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

7. Fundargerð byggingarnefndar Eyjafjarðarsvæðis, 5. okt. 2007

Fundargerðin er í ellefu liðum, enginn þeirra varðar Hörgárbyggð.

8. Fundargerðir héraðsráðs, 10. og 26. sept. 2007

Báðar fundargerðirnar eru í fimm liðum. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

9. Sparisjóður Norðlendinga, samruni við Byr sparisjóð og stofnfjárukning

Bréf, dags. 10. okt. 2007, um fyrirhugaðan samruna Sparisjóðs Norðlendinga við Byr sparisjóð og stofnfjárukningu í tengslum við hann.

Sveitarstjórn samþykkti að skrifa sig fyrir hámarksáskrift að fyrirhugaðri aukningu á stofnfé í Sparisjóðnum.

10. Ráðgjafarþjónusta við leikskóla, samningur

Lögð fram drög að samningi um ráðgjöf við leikskóla milli Akureyrarbæjar og Hörgárbyggðar, ásamt greiningu á væntanlegri samningsupphæð, sem er um 200 þús. kr. á ári.

Sveitarstjórn samþykkti að veita sveitarstjóra heimild til að gera samning við Akureyrarbæ um ráðgjafarþjónustu við leikskóla skv. framlögðum samningsdrögum.

11. Lækjarvelli 3, fyrirspurn um lóð

Lögð fram fyrirspurn um lóðina Lækjarvelli 3.

Sveitarstjórn samþykkti að lóðin verði frátekin fyrir fyrirspyrjanda fram að næsta reglulega sveitarstjórnarfundi.

12. Menntasmiðjan á Akureyri, þátttaka í kostnaði

Tölvubréf, dags. 7. sept. 2007, frá Menntasmiðjunni á Akureyri, þar sem óskað er eftir framlagi vegna nemanda úr sveitarfélaginu sem þar stundar á yfirstandandi önn.

Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindi Menntasmiðjunnar.

13. Umsókn um styrk vegna náms

Lögð fram beiðni um styrk til náms í lýðháskóla í Danmörku.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu, en bendir á að Norræna félagið veitir styrki til lýðháskólanáms í Danmörku.

14. Skútar, landamerki

Tölvubréf, dags. 4. okt. 2007, frá Unni Birnu Karlsdóttur, þar sem boðist er til að ganga á merki Skúta og Grjótgarðs, þar sem til standi að selja Skúta.

Sveitarstjóra var falið að vera í sambandi við bréfitara um málið.

15. Álfasteinn, umsókn um leikskóladvöl

Lögð fram umsókn um dvöl á Álfasteini fyrir barn utan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að gefa kost á umbeðinni dvöl að uppfylltum skilyrðum.

16. Bólusetning til varnar garnaveiki, eftirlitsmenn

Bréf, dags. 10. okt. 2007, frá héraðsdýralækni þar sem gerð er grein fyrir að hluta til breyttu verklagi á árlegri bólusetningu ásetningslamba og kíða til varna garnaveiki. Breyting felst í að skipaðir verða eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningarinnar. Lagt fram til kynningar.

Lagt fram tilboð frá Dýralæknabjónustu Eyjafjarðar ehf. í garnaveikibólusetningu á líflömbum og hundahreinsun 2007.

Sveitarstjórn samþykkti að taka tilboðinu. Sveitarstjórn greiðir komugjald og lyf fyrir garnaveikibólusetningu.

17. Menntamálaráðuneytið, gjald af nemendum vegna ferðalaga vegna vettvangsnáms

Bréf, dags. 21. sept. 2007, frá menntamálaráðuneytinu þar sem gerð er grein fyrir túlkun ráðuneytisins á heimild til gjaldtöku vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám.

Lagt fram til kynningar.

18. Samband ísl. sveitarfélaga, ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21

Bréf, dags. 25. sept. 2007, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem greint er frá nýju samkomulagi um Staðardagskrá 21 á Íslandi og aðgangi að ráðgjöf um Staðardagskrá 21.

Lagt fram til kynningar.

Árshátíð félaga í Hörgárbyggð og Arnarneshreppi

verður haldin í Hlíðarbæ laugardaginn 27. október og hefst stundvíslega kl. 20:30

Matur, skemmtiatriði og dans

Miðapantanir kl. 8-10 að kvöldi í síðasta lagi fimmtudaginn 25. okt. hjá Ásdísi 462
2011 og Líneyju 462 6730

Allir velkomnir

Ferðafélagið Hörgur, Hrossaræktarfélagið Framfari, Kirkjukór
Möðruvallaklaustursprestakalls, Leikfélag Hörgdæla, Umf. Smárinn

Félagsvist

Hin árlega 3ja kvölda félagsvist verður haldin að Melum í
Hörgárdal föstudagskvöldin 2., 9. og 16. nóv. kl. 20:30

Kaffiveitingar

Kvenfélagið

Garnaveikibólusetning

á líflömbum og hundahreinsun 2007

Dýralæknþjónusta Eyjafjarðar ehf. (Dýrey) sér um
garnaveikibólusetningar og hundahreinsun í Hörgárbyggð í haust eins og
í fyrra. Verð fyrir þjónustuna er sem hér segir (vsk. innifalinn):

Garnaveikibólusetning: 2.090 kr. komugjald pr. bæ
138 kr. bólusetningargjald á lamb
93 kr. lyfjakostnaður á lamb

Hundahreinsun: 2.000 kr. ef framkvæmd um leið og
bólusetning (eitt gjald óháð
fjölda hunda)
2.500 kr. þar sem ekki er garnaveiki-
bólusettt (þ.e. sérstök koma)
365 kr. lyf pr. 10 kg hund
1.500 kr. ef óskað er eftir að hundur-
inn sé örmerktur

Aksturskostnaður deilist hlutfallslega milli bæja. Sveitarstjóður greiðir
komugjald vegna garnaveikibólusetningarinnar og lyf í lömb, eins og verið
hefur. Þeir sem óska eftir þjónustunni hafi samband við Dýrey í síma 461
4950.

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti

(baggaplasti)

er 12. nóvember 2007. Minnt er á að vanda frágang plastsins, svo að
meðhöndlun þess og endurvinnsla gangi sem best.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. nóv. 2007

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins
síðdegis 19. nóv. og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma